



**LESTRARSTEFNA**  
**LEIK- OG**  
**GRUNNSKÓLA**  
**BORGARBYGGÐAR**  
**2017 - 2021**



### ***Starfshópur um lestrarstefnu Borgarbyggðar***

Aðalheiður Kristjánsdóttir leikskólanum Andabæ  
Ásta Björk Björnsdóttir skólaþjónustu Borgarbyggðar  
Elín Friðriksdóttir leikskólanum Uglukletti  
Fjóla Benediktsdóttir leiðtogi Borgarbyggðar í Byrjendalæsi  
Guðbjörg Hjaltadóttir leikskólanum Klettaborg  
Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir Grunnskólanum í Borgarnesi  
Kristín María Valgarðsdóttir Grunnskólanum í Borgarnesi  
Magnea Kristleifsdóttir Grunnskóla Borgarfjarðar  
Pálína Jörgensdóttir leikskólanum Hraunborg  
Rebekka Guðnadóttir Grunnskóla Borgarfjarðar  
Vigdís Sigvaldadóttir leikskólanum Hnoðrabóli



## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	4
2. Hlutverk og markmið lestrarstefnunnar	5
3. Samstarf heimila og skóla	6
4. Kennsluaðferðir í skólum	6
5. Íslenska sem annað tungumál	7
6. Skóli án aðgreiningar, skóli margbreytileikans	7
7. Lestur í leikskólum Borgarbyggðar	8
8. Lestur í grunnskólum Borgarbyggðar	9
8.1 Yngsta stig 1.- 4. bekkur	9
8.2 Miðstig 5.-7. bekkur	14
8.3 Unglingastig 8.-10. bekkur	17
9. Grunnþættir lestrar	20
10. Innleiðing lestrarstefnunnar	22
Heimildaskrá	23

# 1. INNGANGUR

## LÆSI ER EINN AF GRUNNPÁTTUM MENNTUNAR

Læsi er samkvæmt aðalnámskrá vítt hugtak sem snýst um sköpun merkingar og getur falið í sér hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Náttúru-, upplýsinga- og myndlæsi eru þættir sem þjálfar þarf í margvíslegu samhengi í gegnum alla skólagönguna. Lestur og ritun eru tæki sem nýtast til að ná því meginmarkmiði læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn.

Það er metnaðarmál í Borgarbyggð að nemendur njóti bestu hugsanlegrar kennslu í máli og lestartengdum þáttum allt frá því þeir hefja nám í leikskóla fram að útskrift úr grunnskóla. Í skólunum er lögð áhersla á ríkulegt lestrarumhverfi, bækur eru sýnilegar og nemendur hvattir til að lesa, skoða og

ræða bækur. Kennarar sinna málörvun og lestrarkennslu markvisst eftir þörfum hvers aldurstigs og er þá horft jöfnum höndum til lesskilnings, lestraránægju, lestrarnákvæmni og lestrarhraða. Unnið er markvisst að eflingu orðaforða, hlustunar og málfærni alla skólagöngu barnsins.

Foreldrum er gerð grein fyrir mikilvægi þess að þeir sinni málörvun og lestri heima og taki þannig þátt í að efla þennan mikilvæga námsþátt hjá börnum sínum. Foreldrar fá fræðslu um hvernig þeir geta best sinnt ólíkum þörfum barna á hverju aldurstigi. Fylgst er reglubundið með framvindu barna í máli og lestri og gripið inn með viðeigandi hætti ef þurfa þykir.



## 2. HLUTVERK OG MARKMIÐ LESTRARSTEFNUNNAR

### SAMKVÆMT AÐALNÁMSKRÁ ER LITIÐ Á LÆSI SEM SAMSPIL LESTURS OG RITUNAR

Þar er sagt að í traustu læsi felist hæfnin til að geta ráðið í letur, skilið og túlkað texta, lært af honum og miðlað þeirri þekkingu áfram. Lestrarstefna er sett af sveitarfélaginu til að halda utan um heildarsýn um framkvæmd og þróun kennslu á sviði máls og lesturs í leik- og grunnskólum. Stefnunni er ætlað að styðja við starf skólanna, skilgreina markmið og leiðir sem síðan eru útfærð frekar í hverjum skóla fyrir sig. Þróun lesturs er ferli allt frá upphafi máltöku fram á fullorðinsár og er mikilvægt að skólarnir komi að þeirri þróun hjá hverjum nemanda með markvissum og eflandi hætti. Markmið lestrarstefnu er því að tryggja jafnan rétt allra nemenda í sveitarfélaginu til gæðakennslu á sviði máls og lesturs.

### MEGINMARKMIÐ LESTRARSTEFNU ERU

1 Að tryggja samfellu í námi barna í máli og lestri frá leikskóla til loka grunnskóla.

2 Að styðja við starfsþróun skólanna, skýra markmið og leiðir sem farnar eru í skólum sveitarfélagsins.

3 Að veita foreldrum yfirsýn yfir lestrarnámið og skýra hlutverk foreldra og skóla.







### 3. SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

#### LESTUR ER FLÓKIÐ FERLI SEM KREFST MIKILLAR ÞJÁLFUNAR AÐ NÁ TÖKUM Á

Foreldrar veita skólunum upplýsingar um styrkleika barna sinna sem skólarnir geta nýtt til að byggja kennslu sína á. Stuðningur foreldra í lestrarnámi skiptir miklu máli, að lesið sé fyrir börnin og heimalestri sinnt hefur mikil áhrif á hvernig börnum farnast í námi. Í öllum leik- og grunnskólum er gert ráð fyrir aðkomu foreldra að undirbúningi og þjálfun lestrarnáms í samræmi við reglugerð um ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra. Leik- og grunnskólar veita heimilum ráðgjöf um vænlegar leiðir í örvun á máli og lestrarþáttum eftir því sem námi barnsins vindur fram. Grunnskólar sveitarfélagsins setja sér verkferla um viðbrögð sé þjálfun á lestri ekki sinnt heima í samræmi við væntingar skólans.

### 4. KENNSLUAÐFERÐIR Í SKÓLUM

#### KENNSLUAÐFERÐIR Í SKÓLUM TAKA MIÐ AF ÞROSKA OG FÆRNI BARNINS, ÁHUGA ÞESS OG NÁMSLEIÐUM

Þannig skal kennsla yngri barna að jafnaði fara fram í gegnum leik, og kennsla allra barna miða að því að efla áhuga þeirra og trú á eigin færni. Nýttar eru fjölbreyttar leiðir til eflingar á læsi upp allt skólastigið og fær menning hvers skóla að njóta sín í útfærslu kennsluhátta. Kennsla barna fer allajafna fram á deild eða í bekkjarstofu en getur einnig verið í minni hópum eða jafnvel einstaklingslega í afmarkaðan tíma eftir því sem hentar best námslagi og þörfum barnsins.

## 5. ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

### Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM BORGARBYGGÐAR STUNDA NEMENDUR MEÐ FJÖLMÖRG MÓÐURMÁL NÁM

Lagt er upp með að allir tvítýngdir nemendur fái góða almenna kennslu sem tekur mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Með kennslunni er stefnt að virku tvítýngi nemenda og að þeir geti stundað nám og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólanemendur með annað móðurmál eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Allir skólarir útbúa móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál. Lögð er áhersla á að tvítýngdir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um skólastarf í Borgarbyggð. Gætt skal að því að virða rétt foreldra til tülkþjónustu á fundum.

## 6. SKÓLI ÁN AÐGREININGAR – SKÓLI MARGBREYTTILEIKANS

### NEMENDUR Í BORGARBYGGÐ BERA MEÐ SÉR MIKINN AUÐ OG ÓLÍKA STYRKLEIKA OG VEIKLEIKA

Lagt er upp með að öll kennsla taki mið af getubreiðum hópum og að bráðgerum nemendum jafnt sem nemendum með örðugleika í námi sé mætt með viðeigandi hætti. Innan skólanna starfar fagfólk sem styður börn með sérþarfir í námi og kennara þeirra. Í leikskólunum starfa sérkennslustjórar og í grunnskólunum deildarstjórar sérkennslu, sérkennarar og þroskaþjálfar sem sjá um skipulag kennslu sem og kennslu nemendahópa og einstaklinga. Sérkennsluráðgjafi og námsráðgjafi skólaþjónustu veita ráðgjöf til skóla, foreldra og nemenda um leiðir í kennslu vegna einstaklinga eða hópa. Sálfræðingar og talmeinafræðingar skólaþjónustu veita ráðgjöf vegna nemenda með frávik í þroska, máli, líðan og/eda einbeitingu.



## 7. LESTUR Í LEIKSKÓLUM BORGARBYGGÐAR

Í leikskólum er lagður grunnur að lestrar-námi barna. Mikil áhersla er lögð á að efla málþroska, orðaforða og hljóðkerfisvitund barna á öllum aldri með leik, málörvun, samverustundum, lestrarstundum, spilum og fleiru. Daglegar athafnir eru notaðar til eflingar með því að setja orð á hluti og athafnir og ýta undir samræður og samskipti. Lögð er áhersla á sjónrænt skipulag í máli og myndum. Bækur eru börnunum aðgengilegar og skapað er hvetjandi náms-umhverfi fyrir börnin. Stuðlað er að áhuga á bókstöfum, orðalestri og ritun í gegnum leik eftir því sem þroska barna vindur fram. Heimalestur er í höndum foreldra sem lesa efni sem fellur að þroska og færni barna þeirra. Til að fylgjast með stöðu barna og veita viðeigandi stuðning eru nýtt skimunartækin TRAS og HLJÓM-2.

<b>Matstæki</b>	TRAS	HLJÓM -2
<b>Aldur</b>	2, 3, 4 og 5 ára	5 ára
<b>Áhersluþættir</b>	Mál- og félagsþroski	Hljóðkerfisvitund
<b>Framkvæmd</b>	Kennarar með tilskilin réttindi	Kennarar með tilskilin réttindi
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Íhlutun í skóla og á heimili í samráði við foreldra. Börnum sem víkja mikið frá viðmiðum er vísað í málþroskamat.	Markviss hljóðkerfisvitundarþjálfun í leikskóla og fræðsla til foreldra um þjálfun heima. Niðurstöður kynntar í grunnskóla til að strax sé hægt að veita nemendum viðeigandi kennslu.



## 8. LESTUR Í GRUNNSKÓLUM BORGARBYGGÐAR

Fjölbreyttar leiðir eru nýttar í kennslu í lestri, ritun, orðaforða, málnotkun og lesskilningi upp allan grunnskóla. Til að fylgjast með stöðu barna og geta veitt viðeigandi stuðning eru nýtt ýmis skimunartæki. Taki nemendur ekki viðunandi framförum í lestrarnáminu er leitað leiða til að mæta þörfum þeirra. Að sama skapi er leitað leiða til að efla og styrkja bráðgera nemendur, viðhalda áhuga þeirra og sjá þeim fyrir námsefni við hæfi. Umsjónarkennari og foreldrar geta leitað til sérkennara skóla og/ eða sérkennsluráðgjafa skólalábjónustu eftir ráðgjöf um leiðir.

### 8.1 YNGSTA STIG 1.- 4. BEKKUR

Í lestrarkennslu í 1.-3. bekk er unnið með Byrjendalæsi sem er samvirk aðferð þar sem samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs í lestrarnámi. Unnið er jöfnum höndum með tengingu og samband stafs og hljóðs, hraða, öryggi og lesskilning. Markvisst er unnið að eflingu orðaforða en hann er mikilvægur þáttur í góðum lesskilningi. Unnið er með almennar bækur (gæðatexta) og sprettur öll lestrarvinnan út frá efni textans. Byrjendalæsisvinnan skiptist í 3 þrep sem eru:

#### 1 INNTAK TEXTA

Bókin/textinn lesin og rætt um efnið, rífað upp og þátttökulestur nemenda nýttur.

#### 2 SUNDURGREINANDI VINNA

Tæknilegur þáttur lestrarnámsins. Unnið með hljóðvitund og ritmál skoðað s.s. stafir, orðhlutar, lykilorð, orðavinna, o.fl.

#### 3 ENDURUPPBYGGING

Efnið sem unnið var með í 1. og 2. þrepi dregið saman. Unnið með sjálfstæðan lestur og leiðbeinandi lestur. Ritun stafa, orða og setninga og nýr texti saminn.

Í fjórða bekk læra nemendur aðferðina PALS þar sem þör læra saman á skipulagðan hátt að efla leshraða og lesskilning.



Í 1. - 4. bekk er lögd áhersla á yndislesur hjá nemendum, þar sem nemendur lesa í hljóði þær bækur sem vekja áhuga þeirra. Lesið er upphátt (raddlestur) í skóla helst daglega og lesa nemendur ýmist fyrir kennara, stuðningsfulltrúa eða aðra nemendur. Heimalestur er daglega og kvitta foreldrar fyrir lestur barnsins. Stuðlað er að lestrarvænu umhverfi í skólafunni þar sem bækur eru sýnilegar, bæði bækur sem verið er að vinna með í Byrjendalæsi, sem og bækur sem nemendur hafa valið sér á bókasafninu.

# 1.BEKKUR

## Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **20 orð/mín** | Almenn viðmið **55 orð/mín** | Metnaðarfull viðmið **75 orð/mín**

<b>Matstæki</b>	Tove Krogh	Lesferill – Lesskimun (leið til læsis) fyrir 1. bekk.	Lesferill – frá MMS	Nefnuhraða – próf frá MMS	Sjónrænn orðaforði frá MMS	Orðleysupróf frá MMS	Læsi – lestrarskimun 2. hefti	Læsi – lestrarskimun 3. hefti
<b>Tími</b>	Haust	Október	Janúar og maí	Janúar	Janúar og maí	Janúar	Febrúar	Apríl
<b>Áhersluþættir</b>	Hugtaka-skilningur	Hljóðkerfisvitund, stafabekking, málskilningur, lesfimi	Lesfimi	Nefnuhraði	Ritháttarlestur	Tenging hljóða og stafa	Umskráning, bókstafa-kunnátta, hljóðvitund	Lesskilningur
<b>Framkvæmd</b>	Skólaþjónusta	Umsjónar-kennari	Umsjónar-kennari	Umsjónar-kennari	Umsjónar-kennari	Umsjónar-kennari	Umsjónar-kennari	Umsjónar-kennari
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Sálfræðingur fer yfir niðurstöður með umsjónar-kennara og veitir ráðgjöf um áhersluþætti í námi.	Nemendur sem koma út í áhættu 3, 2 eða 1 fá stuðning í bekk þar sem sett eru upp verkefni sem falla að þörfum þeirra út frá Handbók um leið til læsis.	Nemendur fá stuðning í bekk með verkefnum sem falla að þörfum þeirra og auka áhuga, vinna með stafabekkingu og ritun. Áhersla lögð á daglegan lestur heima og í skóla.	Nemendur fá verkefni sem þjálfá nefnu til að vinna heima og í skóla.	Nemendur fá verkefni sem þjálfá sjónrænan orðaforða til að vinna heima og í skóla.	Nemendur fá verkefni sem þjálfá hljóð stafa og samtengingu til að vinna heima og í skóla.	Nemendur sem eiga erfitt með að ná tökum á lestri fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega með verkefnum tengdum Byrjendalæsi. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Einnig er hugað sérstaklega að bráðgerum lesendum.	

## 2. BEKKUR

### Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **40 orð/mín** | Almenn viðmið **85 orð/mín** | Metnaðarfull viðmið **100 orð/mín**

<b>Matstæki</b>	Lesferill	Læsi – lestrarskimun 1. hefti	Lesmál	Nefnuhraðapróf frá MMS	Sjónrænn orðaforði frá MMS	Orðleysupróf frá MMS
<b>Tími</b>	September, janúar, og maí	Nóvember	Apríl	Janúar	Janúar og maí	September og/eða janúar
<b>Áhersluþættir</b>	Lesfimi	Lestur stakra orða, samsett orð	Lestur, réttitun og lesskilningur	Hraði	Ritháttarlestur	Tenging hljóðs og stafa
<b>Framkvæmd</b>	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega með verkefnum tengdum Byrjendalæsi. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.			Nemendur fá verkefni sem þjálfva nefnu til að vinna heima og í skóla.	Nemendur fá verkefni sem þjálfva sjónrænan orðaforða til að vinna heima og í skóla.	Nemendur fá verkefni sem þjálfva hljóð stafa og samtengingu til að vinna heima og í skóla.

### 3. BEKKUR

#### Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **55 orð/mín** | Almenn viðmið **100 orð/mín** | Metnaðarfull viðmið **120 orð/mín**

<b>Matstæki</b>	Lesferill	Logos bekkjarskimun	Orðarún
<b>Tími</b>	September, janúar og maí	Janúar	Október og febrúar
<b>Áherslupættir</b>	Lesfimi	Lestraröryggi	Lesskilningur
<b>Framkvæmd</b>	Umsjónarkennari	Skólaþjónusta	Umsjónarkennari
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, samtengingu, ritháttarlestur, ritun og orðaforða með verkefnum tengdum Byrjendalæsi. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Nemendum sem falla undir 15. hundraðsröð í hraða eða færni er boðið lestrar-námskeið og í framhaldinu vísað í einstaklingsgreiningu til skólaþjónustu ef þörf er á. Foreldrar og skóli fá ráðgjöf um áherslupætti í kennslu og þjálfun.	Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá sértæka lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska fáí nemandi færri en 8 stig.

## 4. BEKKUR

### Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **80 orð/mín** | Almenn viðmið **120 orð/mín** | Metnaðarfull viðmið **145 orð/mín**

<b>Matstæki</b>	Lesferill	Samræmd könnunarpróf	Orðarún	Stafsetning* (MMS)
<b>Tími</b>	September, janúar og maí	September	Október og febrúar	Október
<b>Áherslupættir</b>	Lesfimi	Lesskilningur, orðaforði, ritun	Lesskilningur	Stafsetning
<b>Framkvæmd</b>	Umsjónarkennari	Menntamálastofnun	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, samtengingu, samhljóðasambönd, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Skóli og skólaþjónusta funda um niðurstöður prófa. Sett er upp viðbragðsáætlun vegna nemenda sem falla undir 20. eða yfir 90. hundraðsröð í ákveðnum þáttum.	Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforðavinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjar-kennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska fái nemandi færri en 8 stig.	Nemendur fá markvissa kennslu í stafsetningu í bekk út frá niðurstöðum prófsins. Nemandur sem falla undir 15. hundraðsröð er vísað í einstaklingsgreiningu á lestri hjá skólaþjónustu.

\* Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu.



## 5. BEKKUR

### Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **90 orð/mín** | Almenn viðmið **140 orð/mín** |

Metnaðarfull viðmið **160 orð/mín**

### 8.2 MIÐSTIG 5.-7. BEKKUR

#### STUÐLAÐ ER AÐ LESTRARVÆNU UMHYVERFI Í SKÓLANUM ÞAR SEM BÆKUR ERU SÝNILEGAR OG RÆDDAR

t.d. bækur sem nemendur hafa valið á bókasafninu til að lesa í yndislestri. Lestrarmarkmið á miðstigi miða að því að efla lesfimi og lestrarþol, að gera nemendur sjálfstæða lesendur og hvetja til þess að nemendur líti á lestur sem hluta af daglegu lífi. Lögð eru til ýmis lestrarhvetjandi verkefni heima og í skóla. Gert er ráð fyrir lestrarstund á hverjum degi heima og í skóla þar sem nemendur eru hvattir til að lesa bækur sem vekja áhuga þeirra. Lögð er áhersla á tjáningu í orði og ritun tengda daglegu lífi og námsverkefnum. Áhersla er lögð á upplestur og framsögn. Unnið er markvisst með lesskilning og eflingu orðaforða í gegnum bókmenntatexta og námsbækur. Nýtt er m.a. PALS aðferðin til að vinna með lestur og lesskilning á bókmenntatextum og ýmsu námsefni. Skólarnir kynna foreldrum leiðir til að styðja við börn í lestri og heimanámi. Nemendur með dyslexíu og aðra lestrarörðugleika fá viðeigandi stuðning í námi. Kennarar styðja nemendur til að nýta sér hljóðbækur og talgervil og foreldrar fá fræðslu frá skólaþjónustu um hvernig koma má til móts við barnið í námi.

#### Matstæki

Lesferill

Orðarún

Stafsetning\* (MMS)

#### Tími

September, janúar og maí

Október og febrúar

Október

#### Áhersluþættir

Lesfimi

Lesskilningur

Stafsetning

#### Framkvæmd

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari

#### Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldurs- viðmiðum

Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestrarþol, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.

Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforðavinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska fái nemandi færri en 8 stig.

Nemendur fá markvissa kennslu í stafsetningu í bekk út frá niðurstöðum prófsins. Nemendum sem falla undir 15. hundradsröð er vísað í einstaklingsgreiningu á lestri hjá skólaþjónustu.

\* Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu.

## 6. BEKKUR

### Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **105 orð/mín** | Almenn viðmið **155 orð/mín** | Metnaðarfull viðmið **175 orð/mín**

<b>Matstæki</b>	Lesferill	Logos	Orðarún	Stafsetning* (MMS)
<b>Tími</b>	September, janúar og maí	Október	Október og febrúar	Október
<b>Áhersluþættir</b>	Lesfimi	Lesskilningur og hljóðkerfisvitund, lesfimi og hraði	Lesskilningur	Stafsetning
<b>Framkvæmd</b>	Umsjónarkennari	Skólaþjónustan	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestrarþól, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Nemendum sem falla undir 15. hundraðsröð í hraða eða færni er boðið lestrarnámskeið og í framhaldinu vísað í einstaklingsgreiningu til skólaþjónustu ef þörf er á. Foreldrar og skóli fá ráðgjöf um áhersluþætti í kennslu og þjálfun.	Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforðavinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjar-kennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska fáir nemandi færri en 8 stig.	Nemendur fá markvissa kennslu í stafsetningu í bekk út frá niðurstöðum prófsins. Nemendum sem falla undir 15. hundraðsröð er vísað í einstaklingsgreiningu á lestri hjá skólaþjónustu.

\* Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu.

# 7. BEKKUR

## Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **120 orð/mín** | Almenn viðmið **165 orð/mín** | Metnaðarfull viðmið **190 orð/mín**

<b>Matstæki</b>	Lesferill	Samræmd könnunarpróf	Orðarún	Stafsetning* (MMS)
<b>Tími</b>	September, janúar og maí	September	Október og febrúar	Október
<b>Áherslupættir</b>	Lesfimi	Lesskilningur, málfræði, ritun, orðaforði	Lesskilningur	Stafsetning
<b>Framkvæmd</b>	Umsjónarkennari	Menntamálastofnun	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestrarþol, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Nemendum sem falla undir 15. hundraðsröð í hraða eða færni er boðið lestrarnámskeið og í framhaldinu vísað í einstaklingsgreiningu til skólaþjónustu ef þörf er á. Foreldrar og skóli fá ráðgjöf um áherslupætti í kennslu og þjálfun.	Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforðavinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjar-kennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska fái nemandi færri en 8 stig.	Nemendur fá markvissa kennslu í stafsetningu í bekk út frá niðurstöðum prófsins. Nemendum sem falla undir 15. hundraðsröð er vísað í einstaklingsgreiningu á lestri hjá skólaþjónustu.

\* Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu.

## 8. BEKKUR

### Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **130 orð/mín** | Almenn viðmið **180 orð/mín** |

Metnaðarfull viðmið **210 orð/mín**

### 8.3 UNGLINGASTIG 8.-10. BEKKUR

#### Á UNGLINGASTIGI REYNIR STÖÐUGT MEIRA Á LESTUR FLÓKNARI TEXTA, BÆÐI NÁMSEFNIS OG Í YNDISLESTRI.

Lestrarmarkmið á unglingsstigi miða að því að efla enn frekar lesfimi og lestrarþol, auka sjálfstæði og hvetja til þess að nemendur líti á lestur sem hluta af daglegu lífi. Einnig að nemendur læri markvisst að beita lesskilningsaðferðum til að takast á við flóknari texta t.d. í námsbókum og lengri skáldsögum. Lestur og lesskilningur er þjálfaður markvisst í öllum námsgreinum. Allir nemendur lesa daglega heima og í skóla, skrá hjá sér lestur og halda lestrar dagbækur með endursögnum. Nemendur vinna með ritun í stórum og smáum verkefnum, allt frá stuttum frásögnum upp í lengri heimildaritgerðir. Unnið er með frásagnir og tjáningu bæði tengt upplifun nemenda og út frá námsverkefnum. Skólaþjónustan heldur námskeið fyrir unglinga með lestrarörðugleika og foreldra þeirra um dyslexíu og námstækni. Skólarnir kynna foreldrum leiðir til að styðja við börn í lestri og heimanámi.

<b>Matstæki</b>	Lesferill	Orðarún
<b>Tími</b>	September, janúar og maí	Október og febrúar
<b>Áhersluþættir</b>	Lesfimi	Lesskilningur
<b>Framkvæmd</b>	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari / íslenskukennari
<b>Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</b>	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestrarþol, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforðavinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska fái nemandi færri en 8 stig.

## 9. BEKKUR

### Leshraði að vori

Lágmarksviðmið **140 orð/mín** | Almenn viðmið **180 orð/mín** |

Metnaðarfull viðmið **210 orð/mín**

<b>Matstæki</b>	Lesferill	GRP-14h	Samræmd könnunarpróf
<b>Tími</b>	September, janúar og maí	Október	Mars
<b>Áherslupættir</b>	Lesfimi	Lesskimun	
<b>Framkvæmd</b>	Umsjónarkennari/ Íslenskukennarar	Skólaþjónusta	Menntamálastofnun
<b>Viðbrögð ef nemandi vikir frá aldursviðmiðum</b>	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestrarþol, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Nemendum sem teljast slakir umskráendur er vísað í einstaklingsgreiningu á lestrarfærni. Nemendum sem teljast hvorki góðir né slakir umskráendur er vísað í einstaklingsgreiningu ef saga um námsgengi styður niðurstöður.	Skóli og skólaþjónusta funda um niðurstöður prófa. Sett er upp viðbragðs-áætlun vegna nemenda sem falla undir 20. eða yfir 90. hundraðsröð í ákveðnum þáttum.

## 10. BEKKUR

Lesferill
September, janúar og maí
Lesfimi
Umsjónarkennari
Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestrarþol, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólaþjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.
<b>Leshraði að vori</b> Lágmarksviðmið <b>145 orð/mín</b> Almenn viðmið <b>180 orð/mín</b> Metnaðarfull viðmið <b>210 orð/mín</b>



## 9. GRUNNÞÆTTIR LESTRAR

**LESTUR SAMANSTENDUR  
AF FJÖLMÖRGUM GRUNN-  
ÞÁTTUM OG FÆRNI Á HVERJU  
SVIÐI ER MIKILVÆGUR LIÐUR Í  
LESTRARFÆRNI HVERS BARN.**

### HLJÓÐKERFISVITUND

Hljóðkerfisvitund er yfirhugtak sem vísar til færni barns við að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 90% barna. Afar mikilvægt er að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni til örvunar hljóðkerfis- og málvitundar og að þeim sem virðast eiga í erfiðleikum sé sinnt sérstaklega. Þjálfun hljóðkerfisvitundar hefst strax í leikskóla og heldur áfram í yngstu bekkjum grunnskóla. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að markviss þjálfun hljóðkerfisvitundar á leikskólaaldrí skilar sér í betri árangri í lestrarnámi fyrir börn í áhættu um lestrarörðugleika.

### DÆMI UM LEIÐIR


Þjálfun hljóðkerfisvitundar felur m.a. í sér vinnu með hrynjandi og takt, rím, samtengingu (að tengja saman samstöfur eða hljóð), sundurgreiningu (að greina orð í sundur í samstöfur eða stök hljóð), að greina hljóð í orðum (fyrsta, síðasta og miðhljóð), orðhlutaeyðingu (að eyða hljóðum úr orðum) og tengsl stafs og hljóðs. Hægt er að vinna með lestur bóka, tónlist, þulur, vísur og orð. Þegar unnið er að því að styrkja hljóðkerfisvitund þarf markvissa innlögn og daglega þjálfun. Það er talið að slík þjálfun, jafnvel einungis í 5-15 mínútur á dag skili betri árangri en 30 mínútna þjálfun tvisvar í viku. Rannsóknir hafa sýnt að börn með lestrarerfiðleika eiga í hvað mestum erfiðleikum með að sundurgreina orð í stök hljóð og vinna með hljóð innan orða. Einnig að bestur árangur næst ef unnið er með tengsl stafa og hljóða samhliða þjálfun á hljóðkerfisvitund.

### HLJÓÐRÆN UMSKRÁNING

Færni barns í að tengja hljóð við staf af öryggi og síðar að tengja saman stök hljóð í orðbúta og orð.

### DÆMI UM LEIÐIR

Strax í leikskóla er byrjað að kynna hljóð og bókstafi fyrir börnum á markvissan hátt í gegnum leik. Ritmál er haft sýnilegt í umhverfinu, spiluð spil, farið í stafaleiki og unnið með bókstafi á fjölbreyttan hátt. Orð eru flokkuð eftir fyrsta eða síðasta hljóði, lesin stafahús, stafablöð og textar. Unnið er að samtengingu hljóða og gefinn gaumur að því að kenna sérstaklega lestur samhljóða-sambanda. Markvisst er unnið með ritun sem þjálfunarpátt í umskráningu.



## HLUSTUN

Hæfni til að hlusta þarf að vera til staðar áður en lestrarkennsla hefst til að nemandi geti tileinkað sér hljóðkerfi tungumálsins og nauðsynlegan orðaforða. Hlustun er stór þáttur í mannlegum samskiptum. Hún er lærd og því mikilvægt að þjálfna börn í að hlusta. Mikilvægt er að nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum (virk hlustun).

### DÆMI UM LEIÐIR

Allt frá byrjun leikskóla eru börnin hvött til hlustunar. Undirstöðuþættir, s.s. að beina athyglinni að ákveðnu viðfangsefni og gefa því sem sagt er gaum eru þjálfaðir markvisst í öllum aðstæðum í leikskólum. Hlustað er á upplestur og sögur. Hlustun er þjálfuð í heimakrók og á bekkjarfundum í hópumræðum. Spil geta þjálfað hlustun og eflt hæfni í að bíða eftir að röðin komi að manni. Eftir því sem nemendur eldast er unnið markvissar að því að efla virka hlustun með því að fá nemendur til að bregðast við því sem þeir heyrðu og byggja upp samtal.

## LESFIMI

Lesfimi felur sér í færni til að lesa texta hratt, rétt og fyrirhafnarlaust og með áherslum sem eiga við efnið. Lesfimi hefur jafnframt áhrif á skilning.

### DÆMI UM LEIÐIR

Endurtekinn raddlestur með leiðsögn er sú lestraraðferð sem sýnt hefur verið fram á að skili mestum árangri varðandi orðþekkingu, lestraröryggi og leskilning. Þá les nemandi sama texta endurtekið upphátt og fær stöðuga endurgjöf og leiðsögn frá þeim sem hlustar. Það er því mikilvægt að nemendur séu látnir lesa upphátt þar til mjög góðu lestraröryggi er náð. Heimalestur, paralestur, yndislestur, PALS, upplestrarkeppnir, lestrarbingó, lestrarátök s.s. dreka- og sjóræningjalestur, hraðlestrarnámskeið og sýnilegt ritmál (t.d. að líma orð á hluti) eru aðferðir sem nýttar eru til að efla sjónrænan orðaforða og ýta undir lesfimi.

## MÁL - OG LESSKILNINGUR

Lesskilningur er flókið ferli sem tekur til margra þátta. Hann þróast frá unga aldri og því er mikilvægt að efla undirstöðuþætti hans sem fyrst og vinna markvisst með auðugan orðaforða, setningar og ályktunarhæfni. Orðaforði er undirstaða mál- og lesskilnings. Lesskilningur er færni til að tengja upplýsingar úr lesefninu við það sem lesandinn veit fyrir og skapa þannig nýja þekkingu.

### DÆMI UM LEIÐIR

Kenna þarf börnum markvisst þær leiðir sem taldar eru gagnast best til að ýta undir lesskilning. Þetta má gera frá unga aldri í gegnum sögur og bóklestur. Kenna þarf börnum að staldra við áður en byrjað er að lesa og skima textann og skoða t.d. myndir og töflur til að fá hugmynd um hvað efnið fjallar. Einnig að fá þau til að rifja upp þekkingu sína á því efni sem lesa á um og að æfa sig í að koma með spurningar sem vakna við lestur efnisins.

Mikilvægt er að þjálfna börn í að reyna að sjá fyrir sér það sem verið er að lesa um, að

koma með forspá um það sem mögulega gæti gerst næst í textanum og að staldra við reglubundið, rifja upp og taka saman efnið. Þetta er hægt að þjálfá með því að lesa og ræða bækur, segja sögur, fara í orðaleiki, með söngvum og vísum, ræða texta og stök orð og þjálfá endursagnir. Í grunnskólunum eru nýttar aðferðir s.s. Byrjendalæsi, PALS, gagnvirkur lestur og Orð af orði.

## ORÐAFORÐI

Orðaforði er mikilvæg undirstaða læsis. Orðaforði er ein meginforsenda mál-skilnings og lesskilnings. Orðaforði hefur einnig áhrif á leshraða, því fleiri orð sem barnið þekkir í texta því hraðar og áreynslulausar les það. Mikilvægt er því að efla orðaforða markvisst í leikskóla og út alla skólagöngu. Nemendur sem hefja lestrarnám sitt með slakan orðaforða og málskilning eiga erfiðara með að skilja texta og lesa því oft minna en nemendur sem standa vel á því sviði. Orðaforði og sjálfvirkni í lestri skipta mestu fyrir góðan lesskilning.

## DÆMI UM LEIÐIR

**Sýnt hefur verið fram á að hraðast gengur að leggja inn orðaforða ef unnið er út frá ákveðnum þemum og tengslum orða. Mikilvægt er að setja orð á hluti í daglegu starfi með ungum börnum, vinna með vísur og þulur, lesa fyrir börn, skapa umræður, nýta spil, vinna lykilorðavinnu og hugtakakort. Rætt er markvisst um orð, uppbyggingu þeirra, nýtingu og tengingu við önnur orð og sífellt fengist við flóknari orðaforða eftir því sem nemendur eldast. Lestur bóka frá unga aldri og fram á unglingsár skiptir miklu máli því þar kynnast börn flóknari og ríkulegri orðaforða en í talmáli.**

## RITUN


Lestur og ritun eru gagnvirk ferli sem styðja hvort annað og því er mikilvægt að kenna og þjálfá lestur og ritun samhliða og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun alla skólagönguna. Barn sem hefur gott vald á rituðu máli hefur tök á að miðla efni til annarra og einnig að koma hugsunum sínum á blað. Ritun byggir á hljóðgreiningu og styður því við lestrarfærni á fyrstu stigum.

## RITUNSKIPTIST Í TVÖ MEGINÞÆTTI

- 1 TÆKNILEG ATRÍÐI**  
T.d. skrift, stafsetningu, uppsetningu texta og fingrasetningu.
- 2 EFNISLEG ATRÍÐI**  
T.d. skipulag, efnistöð og málsnið.

## DÆMI UM LEIÐIR

Ritunarkennsla hefst í leikskóla með því að ýta undir forvitni barna um tengsl stafs og hljóðs, hafa ritmál sýnilegt og veita grunnþjálfun í að draga til stafs. Stigauknar kröfur um uppbyggingu texta og réttiritun eru gerðar upp allan grunnskóla. Þetta er m.a. þjálfað með því að skrifa stafi og orð tengd daglegu lífi, skrifa dagbækur, vinna endursagnir og frásagnir, æfa sóknarskrift, nýta sögugerð og söguveg og vinna heimildaritgerðir.





## MUNNLEGA TJÁNINGU MÁ GREINA Í TVO ÞÆTTI

### 1 FRÁSAGNAR-, SAMRÆÐU- OG UMRÆÐUÞÁTT

### 2 FRAMBURÐAR- OG FRAMSAGNARÞÁTT

## DÆMI UM LEIÐIR

Ýtt undir samræður og skoðanaskipti í nemendahópnum, nemendur hvattir til að tjá skoðanir sínar og miðla af þekkingu sinni og reynslu. Búnar til sögur og leikrit, unnið með endursagnir og nemendur fengnir til að rökstyðja og skýra það sem þeir eru að fást við í náminu eins og að segja frá myndverkum eða skýra leiðir sem þeir fóru til að komast að niðurstöðu í ákveðnum námsþætti. Árshátíðir og skemmtanir eru nýttar til að þjálfa tjáningu á markvissan hátt.

## TJÁNING

Nauðsynlegt er fyrir alla að geta tjáð skoðanir sínar hvort sem er í starfi, námi eða einkalífi. Frá upphafi skólagöngu er nauðsynlegt að nemendur æfist í að tjá sig og fá leiðsögn um uppbyggingu frásagna, framsögn og skýran framburð. Tjáning eflir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og unglinga og er grunnur þess að geta átt jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðra. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýttist í öllum öðrum námsgreinum.

## 10. INNLEIÐING LESTRARSTEFUNNAR

Hver skóli ber ábyrgð á því að innleiða lestrarstefnuna í skólanámskrá og kennslu. Skólaþjónusta er kennurum og stjórnendum til aðstoðar við innleiðingu eftir því sem þörf er á. Reglubundið eru haldin námskeið í heimabyggð um lestrartengda þætti fyrir starfsfólk skólanna. Í vinnslu er fræðsluáætlun fyrir foreldra barna frá leikskóla til loka grunnskóla um breytilegar lestrarþarfir barna á ólíkum aldursstigi.

## LESTRARSTEFNAN ER ENDURSKOÐUÐ Á FJÖGURRA ÁRA FRESTI.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti (2011). Greinasvið (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðgerðaáætlun um eflingu læsis. (2015). Menntamálaráðuneytið. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/hvitbokargogn/11.-Adgerdaraetlun-um-eflingu-laesis.pdf>

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður PISA 2012. Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilningur*. Reykjavík: Háskólaprent.

Bjartey Sigurðardóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2012). *Hljóðfærni. Greiningarpróf fyrir börn í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika*. Hljóðkerfisvitund-Hljóðavitund. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Ehri, L. og McCormic, S. (1998). Phases of word learning: Implications for word instructions with delayed and disabled readers. *Reading and Writing Quarterly*, 14, 135-163.

Freyja Birgisdóttir. (2016). Orðaförði og lestrarfærni. Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. *Netla-veftimarit um uppeldi og menntun*. Sérít 2016 - Um læsi. Sótt af <http://netla.hi.is/haustid-2016/>

Lestrarstofna grunnskóla Akraneskaupstaðar. (2014). Akranes.is. Sótt af [https://issuu.com/akraneskaupstadur/docs/lestrarstofna\\_grunnskola\\_akraneska](https://issuu.com/akraneskaupstadur/docs/lestrarstofna_grunnskola_akraneska)

Lesvefurinn um læsi og lestrarörðugleika. Lesvefurinn – unninn á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samstarfi við Menntamálaráðuneytið. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/>

Læsisstofna Reykjanesbæjar. (2017). Reykjanesbær.is. Sótt af [http://www.tjarnarsel.is/files/pdf-skjol/rnb-laesisstofna-2017-final-\(1\).pdf](http://www.tjarnarsel.is/files/pdf-skjol/rnb-laesisstofna-2017-final-(1).pdf)

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Muter, V. (2003). *Early reading development and dyslexia*. London: WHURR.

National Reading Panel (U.S.), & National Institute of Child Health and Human Development (U.S.). (2000). *Report of the National Reading Panel: Teaching children to read : an evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implications for reading instruction : reports of the subgroups*. Washington, D.C.: National Institute of Child Health and Human Development, National Institutes of Health.

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

Rósa Eggertsdóttir. (2008). Byrjendalæsi. *Lestrarfræði*. (Drög). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Snow, C.E., Burns, M.S., & Griffin, P. (ritstjórar). (1998). *Preventing reading difficulties in young children*. Washington, DC: National Academy Press.

Stanovich, K.E. (1986). Matthew effects in reading: Some consequences of individual differences in acquisition of literacy. *Reading Research Quarterly*, 21, 360-406.

Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi - Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Steinunn Torfadóttir. (ritstjóri). (2011). *Leið til læsis. Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla. Handbók*. Reykjavík: Menntamálastofnun.





